

Á R S S K Ý R S L AUNGMENNASAMBANDS KJALARNESPINGS1966.1. 43. ársþing UMSK.

43 ársþing sambandsins var haldið í Hlégarði í Mosfellssveit sunnudaginn 12. des. 1965. 29 fulltrúar sóttu þingið, auk gesta, Ármanns Péturssonar gjaldkera UMFÍ og Hermanns Guðmundssonar framkvæmdastjóra ÍSÍ. Fluttu þeir ávörp á þinginu. Var þingið haldið á vegum Umf. Aftureldingar í Mosfellssveit, og sá það um veitingar. Félögin innan sambandsins skiptast á um að halda þingin á eigin kostnað. Þingið tók fyrir mörg mál og gerði margar ályktanir til eflingar íþróttá- og æskulýðsmálum á sambandssvæðinu, sérstaklega með tilliti til meiri þátttöku yngri félaganna. Fundargerð þingsins var fjölrituð skömmu eftir þingið og send viðkomandi aðilum. Verða störf þess því ekki rakin hér að öðru leyti en því sem fram kemur í einstökum þáttum ársskýrslunnar.

2. Stjórn UMSK.

Á ársþingi sambandsins 1965, sem haldið var í Hlégarði í Mosfellssveit, voru eftirfarandi menn kosnir í stjórn og skiptu þeir með sér verkum þannig:

Úlfar Ármannsson	Alftanesi	formaður
Gestur Guðmundsson	Kópavogi	vara-form.
Birgir Guðmundsson	Garðahreppi	ritari
Sigurður Skarphéðinsson	Mosfellssveit	gjaldkeri
Pórir Hermannsson	Kjós	meðstjórnandi
Gísli Snorrason	Kjalarnesi	meðstjórnandi

varamenn í stjórn:

Einar Ellertsson	Kjós
Donald Jóhannesson	Kópavogi
séra Bragi Friðriksson	Garðahreppi
Jón Ólafsson	Kjalarnesi
Tómas Sturlaugsson	Mosfellssveit
Hallgrímur Sigurðsson	Alftanesi

Stjórnin hélt 11 bókaða stjórnarfundum og auk þess nokkra aukafundi með bridgenefnd, handknattleiksstúlkum og fl. Sú nýbreytni var tekin upp í byrjun starfsársins að ákveðið var að halda stjórnarfundina með reglulegu millibili eða fyrsta mánudagskvöld í hverjum mánuði. Gaf þetta mjög góða raun. Bæði gat stjórnin fylgzt betur með gangi mála og einnig kom

varla fyrir að ekki væru fullsetnir stjórnarfundir. Á síðasta sambandsþingi var samþykkt að halda formannafundi í byrjun og um mitt hvert starfstímabil. Einn slíkur fundur var haldinn í vor en ekki þótti ástæða fyrir öðrum, þar sem 4 af 6 formönnum félaganna eru í stjórn sambandsins.

Á 43. sambandsþingi UMSK var stjórnin hvött til að hvetja íþróttaráð meira til starfa en á undanförunum árum (réttara sagt endurvekja það til starfa). Gerði stjórnin 4 tilraunir til að boða íþróttaráð á sinn fund, en án tilætlaðs árangurs.

Í upphafi árs lét stjórnin prenta félagsmerki og nafn sambandsins á bréfhausa og umslög. Taldi stjórnin brýna nauðsyn á að sambandið eignaðist slíkt.

### 3. Fundir og þing (utanhéraðs).

Fulltrúar frá sambandinu hafa tekið þátt í ýmsum fundum, ráðstefnum og ársþingum. Íþróttþing á Isafirði sátu þeir Jón M. Guðmundsson og Sigurður Geirdal. Sambandsráðsfund UMFÍ á Sauðárkróki sat Ulfar Ármannsson. Ársþing Handknattleiks-sambandsins sátu Jón M. Guðmundsson og Arndís Björnsdóttir. Ársþing Glímusambandsins sátu þeir Sigurður Geirdal og Ingvi Guðmundsson. Ársþing Frjálsíþróttasambandsins sátu þeir Jón M. Guðmundsson, Þórður Guðmundsson, Hörður Ingólfsson og Sigurður Geirdal. Fulltrúar frá okkur verða á Ársþingi Knattspyrnu-sambands Íslands, sem haldið verður um helgina, 27. nóvember. Hefur í þessu verið reynt að fylgjast með gangi mála og hafa áhrif á þau sem ástæða hefur þótt til hverju sinni.

### 4. Bridge.

Þann 9. maí síðastliðinn var efnt til hraðbridgemóts í Hlégarði í Mosfellssveit. Þátttakendur voru frá þremur félögum. Umf. Drengur, Kjós. Umf. Afturelding og Bridgedeild Umf. Breiðabliks, Kópavogi. Var þetta sveitarkeppni og spilað á ellefu borðum, samtals 44 þátttakendur. Bridgeáhugi er í miklum uppgangi á sambandssvæðinu og áætlað er að halda annað mót fyrir áramót. Sveit Hákonar Þorkelssonar, Umf. Dreng, sigraði með 206 stigum, en með honum spiluðu Ólafur Ingvarsson, Jón Lárusson og Valgeir Lárusson. Sjá úrslit í Mótaskrá í lok skýrslunnar.

### 5. Skák.

Reynt var að efna til skákkeppni, en ekki reyndist sá áhugi fyrir því, að fært þætti að koma slíku móti á. Í stjórn sambandsins var mikið rætt um skákkeppni á milli skólanna á sambandssvæðinu á næsta vetri og er það vel framkvæmanlegt.

Skák og bridge gætu verið mjög til uppörvunar í vetrar-

starfi félaganna. Það væri því vel að þeir ungmennafélagar, sem sérstakan áhuga hafa á þessum þáttum, tækju þá upp á arma sína til leiðsagnar og ötullar úrlausnar.

6. Námskeið í fundarstjórn.

Á síðustu ársþingum sambandsins hefur verið mikill áhugi fyrir því að koma á fót námskeiðum í fundarstjórn og fundarreglum. Telur stjórnin nauðsynlegt að koma slíku í framkvæmd í einhverri mynd. Er orðið allt of lítið af fundarstarfsemi í félögunum og varla hægt að fá menn til að mæta á fundum. Var mikið rætt um þetta mál í stjórn sambandsins. Komst stjórnin að þeirri niðurstöðu að bezt væri að byrja með því að fá nýkosnar stjórnir félaganna innan sambandsins á fund þar sem fyrirlestrar væru haldnir um félagsmál, fundarsköp og íþróttamál. Í framhaldi af slíkum fundi mætti athuga grundvöll fyrir meiri átökum í þessu efni.

7. Fjármál sambandsins.

Eins og fram kemur í reikningum naut sambandið sem fyrr fjárhagslegs stuðnings Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kópavogskaupstaðar og Búnaðarsambands Kjalarnespings, og þakkar stjórn sambandsins ofangreindum aðilum veitta aðstoð, og þann skilning, sem þeir hafa sýnt starfsemi okkar. Einnig naut sambandið útbreiðslustyrks Íþróttasambands Íslands. Tekjur af landshappdrætti Íþróttasambands Íslands gengu beint til félaganna innan sambandsins, þar sem þau stjórna sölu miðanna, hvert á sínu svæði. Sala miðanna hefur gengið mjög vel eftir ástæðum og er happdrættið vissulega góður stuðningur í fjárskorti félaganna. Félög innan sambandsins seldu á síðasta ári 761 miða fyrir samtals 38.050.00 og kom helmingur þess í hlut félaganna, eða kr. 19.025.00

Starfsemi sambandsins byggist á fjárhagsgrundvelli þeim, er það verður að búa við. Fjárskortur á undanförunum árum hefur að sumu leyti takmarkað starfsemi sambandsins. Verkefni eru óþrjótandi og sum aðkallandi til að byggja upp og þroska unglinga á sambandssvæðinu, til heilbrigðra félagsstarfa og skemmtana.

8. Handknattleikur.

Handknattleikur var iðkaður í fjórum félögum innan sambandsins, og hefur áhuginn aukizt mjög mikið í sumar. En því miður er ekki aðstaða til æfinga á veturna nema hjá Umf. Breiðablik og er slíkt ástand ekki viðunandi. Reynt var að koma á handknattleiksmóti, en á fundi, sem haldinn var með handknattleiksleiðtogum félaganna, var slíkt ekki talið

tímabært að svo komnu máli. Var ákveðið að félögin léku æfingaleiki, án þess að um mót væri að ræða.

Umf. Breiðablik tók þátt í Íslandsmeistaramóti og stóð sig vel eftir ástæðum. Í hinum félögunum er þetta fyrsta sumarið, sem handbolti er æfður, og hefur því ekki verið að vanta neins sérstaks árangurs. Ef stúlkurnar halda hópinn og æfa dyggilega í framtíðinni, má vænta góðs árangurs.

## 9. Víðavangshlaup.

Á síðasta sambandsþingi var mikill áhugi fyrir að koma á keppni í einhverri mynd á milli skóla á sambandssvæðinu til að fá yngstu félagana meira til þátttöku í starfsemi sambandsins. Ákvað stjórnin að efna til víðavangshlaups. Var leitað til allra skólustjóra á svæðinu og tóku þeir allir mjög vel í tillögur okkar. Var þegar hafizt handa með undirbúning. Keppnisreglur voru samdar og undanrásirnar fóru fram í skólunum. Sunnudaginn 24. apríl fór síðan fram úrslitakeppni á íþróttasvæðinu að Varmá í Mosfellssveit. Voru þar mættir 70 þátttakendur frá 10 skólum. Þátttakendum var skipt niður í 4 aldursflokka og mátti hver skóli senda 4 keppendur í hvern aldursflokk. Má því segja með sanni, að með undanrásunum hafi hátt á annað þúsund þátttakendur verið í þessu hlaupi. Hver sveit var mynduð af 3 þátttakendum frá hverjum skóla. Í einstaklingskeppninni fengu 6 fyrstu þátttakendur í hverjum aldursflokki verðlaun, en stigahæsta sveitin í hverjum aldursflokki fékk verðlaunabikar til eignar, sem varðveitist í skólunum. Þessir skólar tóku þátt í keppninni:

Bjarnastaðaskóli	Álftnesi
Barnaskóli Garðahrepps	
Digranesskóli	Kópavogi
Kópavogsskóli	Kópavogi
Kársnesskóli	Kópavogi
Barnaskólinn Varmá	Mosfellssveit
Barnaskólinn Klébergi	Kjalarnesi
Gagnfræðaskóli Garðahrepps	
Gagnfræðaskóli Kópavogs	
Gagnfræðaskólinn Brúarlandi	Mosfellssveit.

Úrslit eru birt í Mótaskrá í lok skýrslunnar  
Teljum við þetta stórt spor í rétta átt, og hvetjum til  
meiri átaka á þessu sviði.

## 10. Knattspyrna.

Knattspyrna var stunduð í fjórum félögum innan sambandsins  
Þau voru: Umf. Afturelding í 5. flokki. Umf. Stjarnan, Garðahreppi í 3., 4. og 5. flokki. Umf. Bessastaðahrepps í 2. flokki og Umf. Breiðablik Kópavogi, sem bar höfuð og herðar

yfir knattspyrnuna á svæðinu, stunduðu æfingar í öllum flokkum. Meistaraflokkur tók þátt í Íslandsmeistaramótinu og lék til úrslita í 2. deild. Einnig tóku þeir þátt í bikarkeppni KSÍ og litlu bikarkeppninni auk annarra keppna. Yngri flokkar hjá Umf. Breiðablik tóku þátt í Íslandsmeistaramótinu og stóðu sig vel eftir ástæðum. Félögin innan sambandsins kepptu sín á milli í einstökum flokkum eftir því sem við var komið.

Þó taldi stjórn sambandsins ekki tímabært að efna til knattspyrnumóts að svo komnu máli, þar sem mikill mismunur er á styrkleika í flokkum félaganna. Væntum við þess, að á næsta sumri verði kominn grundvöllur til knattspyrnumóts í yngri flokkunum innan sambandsins. En meðan grundvöllur fyrir héraðsmóti er ekki fyrir hendi, má ekki reikna með glæsilegum árangri í félögunum.

## 11. Frjálsar íþróttir.

Iðkendahópur frjálsra íþróttanna hefur verið með bezta móti. Æfingar eru þó enganveginn nógu vel stundaðar og of fámennur hópur þar að verki, en innan hans eru þó einstaklingar, sem bera af, bæði að getu og ástundun, og þar sannast hið fornkveðna æfingin skapar meistarann.

Í byrjun keppnistímabilsins útbjó stjórnin mótaskrá með dagsetningu á öllum frjálsíþróttamótum innan sambandsins auk aðalíþróttamóta á landinu, sem sambandið kæmi til með að taka þátt í. Mótaskráin var fjölrituð í 100 eintökum og dreift út meðal félaganna. Naut hún mikilla vinsælda.

Tvö sambandsmet voru sett á árinu. Var það í spjótkesti kvenna Arndís Björnsdóttir og kúluvarpi karla Lárus Lárusson. Tveir af okkar mönnum voru í íslenska Landsliðinu, þeir Þorsteinn Alfreðsson, sem hefur sigrað í kringlukasti á öllum mótum, sem hann hefur tekið þátt í í sumar, að einu undanskildu, þegar hann keppti við bandaríska kúluvarparann og kringlukastarann Neale Stainhauer, og Þórður Guðmundsson hlaupari, sem hefur verið í mikilli framför og náð góðum tímum í öllum vegalengdum á milli 400 og 5000 metra hlaupi.

Innanhéraðs hafa þessi mót verið haldin:

- A. Héraðsmót UMSK var haldið á íþróttasvæðinu að Varmá í Mosfellssveit dagana 25. júlí og 20. og 21. ágúst. Á fyrrihluta mótsins var keppt í karlagreinum. Þátttaka var allgóð, en þó aðeins frá einu félagi. Slæmt veður og lélegar aðstæður gerðu það, að árangur var ekki sem bestur. Síðari hluta mótsins var keppt í kvennagreinum. Þátttaka var mjög góð frá 5 félögum innan sambandsins. Umf. Dreng Kjós, Umf. Afturelding, Umf. Breiðablik, Umf. Stjarnan og Umf. Bessastaðahr. Árangur var allgóður og megum við vænta mikils af stúlkunum á næstu árum með sama áframhaldi.
- B. Sveinameistaramót. Mikill áhugi ríkti fyrir því að efla

þátttöku í þessu móti, en án góðs árangurs. Keppnin fór fram jafnhliða síðarihluta héraðsmótsins dagana 20. og 21. ágúst. Tvö félög sendu þátttakendur, Umf. Breiðablik og Umf. Stjarnan. Árangur var allgóður eftir aðstæðum.

Auk þess voru haldin innanfélagamót, svo sem vormót UBK, meistaramót UBK, haustmót UBK, íþróttamót Umf. Stjarnan, meistaramót Umf. Bessastaðahrepps og fl.

Utan héraðs höfum við tekið þátt í eftirtöldum mótum.

- A. 4. bandalagskeppnin var haldin á Akureyri Þann 11. september síðastliðinn. Er þetta keppni milli Ungmennasambands Kjalarnesþings, Íþróttabandalags Akureyrar, Ungmennasambands Eyjafjarðar og Íþróttabandalags Keflavíkur. Íþróttabandalag Keflavíkur hefur ekki tekið þátt í keppninni að undanfögnu. Þátttakendur frá UMSK voru 9 auk fararstjóra. Farið var með flugvél frá Flugsýn á sunnudagsmorgun og flogið til baka um kvöldið. Íþróttabandalag Akureyrar sá um keppnina að þessu sinni. Ungmennasamband Kjalarnesþings sigraði keppnina og hlaut samtals 83 stig. Ungmennasamband Eyjafjarðar var í öðru sæti með 70 stig og Íþróttabandalag Akureyrar í 3. sæti með 59 stig. Gestir á þessu móti voru bandaríski kúluvarparinn Neal Stainhauer og Þorsteinn Löve kringlukastari. Í samsæti, sem Íþróttabandalag Akureyrar hélt þátttakendum og starfsfólki á Hótel KEA eftir keppni, fékk sambandið áletraðan skjöld frá IBA til minningar um þessa keppni.
- B. UBK- Vestmannaeyjar, er árleg bæjakeppni á milli Kópavogskaupstaðar og Vestmannaeyjakaupstaðar. Vestmannaeyingar sigruðu að þessu sinni.
- C. Ungmennafélagið Breiðablik tók þátt í Alþjóðlegu íþróttamóti í Þrándheimi á síðastliðnu sumri. Stóð frjálshíþróttadeildin að þessari utanferð með undraverðum dugnaði.
- D. Íslandsmeistaramót, haldið í Reykjavík. Hlutum við einn Íslandsmeistara, Þorstein Alfreðsson í kringlukasti. Auk þess áttum við þátttakendur í flestum mótum, sem haldin voru í Reykjavík á sumrinu.

Of langt mál yrði að rekja árangur af hverju móti fyrir sig, en mótanna innan héraðs á vegum sambandsins og 4. bandalagskeppninni verða gerð nánari skil með Mótaskrá í lok skýrslunnar.

## 12. Fjórðungsglímumót Sunnlendingafjórðungs.

Ungmennasambandi Kjalarnesþings var falið af stjórn Glímusambands Íslands að sjá um fyrsta fjórðungsglímumót Sunnlendingafjórðungs. Fór það fram í samkomuhúsinu að Garðaholti, laugar-

daginn 30. apríl. Rétt til þátttöku í þessari glímukeppni hafa allir félagar íþrótta- og ungmennafélaga í eftirtöldum sýslum og kaupstöðum. Vestur Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Vestmannaeyjum, Keflavík, Hafnarfirði og Kópavogi. 5 keppendur tóku þátt í þessu móti, allir frá UMSK. Glíma hefur verið í miklum uppgangi í Kópavogi, sem má þakka Ármanni J. Lárussyni glímukóngi og Ingva Guðmundssyni fráfaraformanni glímudeildar Ungmennafélagsins Breiðablik, sem hafa unnið ótullega að þessum málefnum.

Kept var um glæsilegt glímuhorn, sem Mjólkurbú Flóamanna gaf til þessarar keppni. Allir þátttakendur í þessu glímumóti fengu verðlaunapening fyrir þátttöku sína í þessu fyrsta Fjórorungsglímumóti Sunnlendingafjórdungs.

Úrslit urðu sem hér segir:

Ármann J. Lárusson	4	vinninga
Sigurður Geirdal	3	-
Ívar Jónsson	2	-
Ríkharður Jónsson	1	-
Gestur Kristjánsson	0	-

### 13. Sambandsaðilar.

Á starfsárinu áttu 6 félög aðild að sambandinu. Félagatala var í upphafi starfsárs 865, þar af 471 gjaldskyldir, en 394 ógjaldskyldir. Eftir því sem næst verður komið var félagatalan í lok starfsársins þessi.

Gjaldskyldir 471 Ógjaldskyldir 416  
Samtals 887 Félagar 394

Innan sambandsins eru þessi félög:

Umf. Drengur	árið 1966	form.	Þórir Hermannsson
-	-	-	Haraldur Kjartansson
- Kjalnesinga	- 1966	-	Gísli Snorrason
-	- 1967	-	" "
- Afturelding	- 1966	-	Eyjólfur Magnússon
-	- 1967	-	Guðmundur Guðmundsson
- Breiðablik	- 1966	-	Sigurður Geirdal
-	- 1967	-	Berti Möller
- Stjarnan	- 1966	-	Birgir Guðmundsson
-	- 1967	-	" "
- Bessastaðahr.	- 1966	-	Úlfar Ármannsson
-	- 1967	-	Hallgrímur Sigurðsson

Þar sem aðalfundum í félögunum er ekki lokið, þegar árs-skýrslan fer í fjölrítun, gat stjórnin ekki gert þessum lið full skil, en skildar voru eftir eyður, þar sem upplýsingar vantar, og ætlaðist stjórnin til þess að handhafi hvernar skýrslu fyllti upp í eyðurnar á sambandsþinginu.

14. Lokaorð.

Á stjórnarfundum sambandsins í september var samþykkt að stjórnin mundi búa út ársskýrslu yfir starfsemi sambandsins og skila henni fjölritaðri á 44. sambandsþingi UMSK. Í skýrslu þessari hefur verið dregið á viðfangsefni þau, sem hæst hafa borið á síðastliðnu ári. Engu eru þó gerð full skil, enda mundi sitt sýnast hverjum um það, hvenær eitt mál er útrætt. Vafalaust væri þó vert að drepa á mörg fleiri atriði varðandi starfsemi félaganna og sambandsins en hér er gert og gera öðru gleggri skil.

Sambandsstjórnin vill að lokum þakka öllum þeim einstaklingum, félögum og stofnunum, sem hafa á einn eða annan hátt stutt starf þess. Þörf er á auknu starfi að þessum málum í héraðinu og verður þeim málum vart betur sinnt en með því að sameina starfskraftana innan sambandsfélaganna og sambandsins sjálfs.

Stjórn UMSK 14/11 1966.

Úlfar Ármannsson form.  
Gestur Guðmundsson varaform.  
Sigurður Skarphéðinsson  
Birgir Guðmundsson  
Gísli Snorrason  
Þórir Hermansson

BRIDGEMÓT U.M.S.K.

Úrslit urðu sem hér segir:

No. 1.	Sveit Hákonar Þorkelssonar, Umf. Dreng, með honum spiluðu Ólafur Ingvarsson, Jón Lárusson og Valgeir Lárusson	206 stig
- 2.	Sveit Davíðs Guðmundssonar, Umf. Dreng, með honum spiluðu Ingvar Jónsson, Ólafur Ág. Ólafsson og Ólafur Þ. Ólafsson.	198 -
- 3.	Sveit Tyrfings Þórarinssonar, Umf. Breiðablik, með honum spiluðu Gunnlaugur Sigur- geirsson, Jóhann Lúthersson og Magnús Þórðarson.	195 -
- 4.	Sveit Njáls Guðmundssonar, Umf. Dreng	191 -
- 5.	Sveit Sigurðar Gunnlaugssonar, Umf. Breiðablik	188 -
- 6.	Sveit Ragnars Halldórssonar, Umf. Breiðablik	185 -



No. 7.	Sveit Eyjólf Magnússonar, Umf. Afturelding	178 stig
- 8.	Sveit Ármanns J. Lárussonar, Umf. Breiðablik	176 -
- 9.	Sveit Guðmundar Jóhannssonar, Umf. Afturelding	164 -
- 10.	Sveit Sigurbergs Elentínussonar, Umf. Dreng	163 -
- 11.	Sveit Stefáns Valdimarssonar, Umf. Afturelding	136 -

Víðavangshlaup skóla í Kjalarnesþingi.

Úrslit urðu sem hér segir:

1. aldursflokkur 10 ára og yngri hlupu 800 metra.

1.	Ragnar Sigurjónsson	Kópavogsskóla	2.54,8 mín.
2.	Magnús Einarsson	Digranesskóla	2.57,0 -
3.	Kormákur Bragason	-	2.57,7 -
4.	Porgeir Ottósson	-	3.02,2 -
5.	Geir Gunnarsson	Kársnesskóla	3.04,6 -
6.	Tryggvi Felixson	Kópavogsskóla	3.04,9 -
7.	Sæmundur Þórarinnsson	Kársnesskóla	3.07,2 -
8.	Bjarni Halldórsson	Digranesskóla	
9.	Þorsteinn Pálsson	Kópavogsskóla	
10.	Einar Óskarsson	-	
11.	Jón Haukdal	Barnask. Garðahr.	
12.	Einar Hjaltason	-	
13.	Gunnar Arnason	-	
14.	Lárus Jónsson	Kársnesskóla	
15.	Gísli Hjaltason	Barnask. Garðahr.	
16.	Sveinn Áki Sverrisson	Kársnesskóla	
17.	Niels Hermannsson	Barnask. Brúarlands	
18.	Þórður Sigmundsson	-	
19.	Ásmundur Sveinsson	Barnask. Bessastaðahr.	
20.	Sturlaugur Tómasson	Barnask. Brúarlands	
21.	Stefán Magnússon	Barnask. Bessastaðahr.	
22.	Guðlaugur Einarsson	-	

Stigahæsti skólinn í þessum aldursflokki:

1. Digranesskólinn Kópavogi
2. Kópavogsskólinn -
3. Kársnesskólinn -

2. aldursflokkur 11 og 12 ára hlupu 1000 metra.

1.	Böðvar Örn Sigurjónsson	Kópavogsskóla	3.32,0 mín.
2.	Hinrik Þórhallsson	Kársnesskóla	3.36,4 -
3.	Ingólfur Sigurðsson	-	3.37,9 -
4.	Stefán Sigurðsson	Kópavogsskóla	3.38,7 -
5.	Helgi Þórisson	Digranesskóla	3.42,0 -
6.	Þorsteinn Pétursson	Barnask. Brúarlandi	3.42,5 -
7.	Eyjólfur Emilsson	Kópavogsskóla	3.45,0
8.	Ómar Eyfells	-	
9.	Markús Þ. Atlason	Barnask. Garðahr.	
10.	Sigurlaugur Þorsteinsson	Digranesskóla	
11.	Bjarni Valdimarsson	-	
12.	Halldór Hjaltason	Barnaskóla Garðahr.	
13.	Karl Snæbjörnsson	Barnask. Brúarlandi	
14.	Pétur Thors	-	
15.	Ólafur Frostason	Kársnesskóla	
16.	Sigurbjörn Heiðdal	Barnask. Garðahr.	
17.	Hermann Jónsson	Digranesskóla	
18.	Þorvaldur Björnsson	Kársnesskóla	
19.	Helga Haraldsdóttir	Barnask. Klébergi	

Stigahæstu skólarnir urðu sem hér segir:

1. Kópavogsskólinn
2. Kársnesskólinn
3. Digranesskólinn

3. aldursflokkur 13 og 14 ára hlupu 1200 metra.

1.	Einar Þórhallsson	Gagnfr.sk. Kópavogs	4.06,1 mín.
2.	Þórir Örn Lindbergsson	-	4.13,2 -
3.	Ingvar Ágústsson	-	4.13,5 -
4.	Helgi Eggertsson	Gagnfr.sk. Garðahr.	4.18,5 -
5.	Eiríkur Brynjólfsson	-	4.19,6 -
6.	Ómar Önfjörð	Gagnfr.sk. Brúarl.	4.21,5 -
7.	Þórhallur Ólafsson	Gagnfr.sk. Kópavogs	4.21,6 -
8.	Magnús Guðbjartsson	Gagnfr.sk. Garðahr.	
9.	Högni Djurhus	-	
10.	Bjarki Bjarnason	Gagnfr.sk. Brúarlandi	
11.	Einar Guðbjörnsson	-	
12.	Jón Benediktsson	-	

Stigahæstu skólarnir urðu sem hér segir:

1. Gagnfræðaskóli Kópavogs
2. Gagnfræðaskóli Garðahrepps
3. Gagnfræðaskólinn Brúarlandi

4. aldursflokkur 15 og 16 ára hlupu 1400 metra.

1.	Einar Magni Sigmundsson	Gagnfræðask.	Kópav.	4.49,9	mín.
2.	Magnús Steinþórsson	-	-	5.10,0	-
3.	Ólafur Þórðarson	-	-	5.18,2	-
4.	Örlygur Jónsson	Gagnfræðask.	Brúarl.	5.24,8	-
5.	Kristinn Magnússon	-	-	5.25,8	-
6.	Ásgeir Arngrímsson	Gagnfræðask.	Kópav.	5.28,4	-
7.	Jón Ólafur Þorsteinsson	Gagnfræðask.	Brúarl.		

Stigahæstu skólarnir urðu sem hér segir:

1. Gagnfræðaskóli Kópavogs
2. Gagnfræðaskólinn Brúarlandi

S A M B A N D S M Ó T

Fyrri hluti.

Úrslit í einstökum greinum urðu sem hér segir:

100 metra hlaup	1.	Sigurður Geirdal	11.7	sek.
	2.	Einar Sigurðsson	12.1	-
	3.	Gunnar Snorrason	12.2	-
	4.	Ingólfur Ingólfsson	12.5	-
	5.	Þórður Guðmundsson	12.5	-
Kúluvarp	1.	Árman J. Lárusson	13.50	m.
	2.	Lárus Lárusson	12.85	-
	3.	Berti Möller	11.95	-
	4.	Ingólfur Ingólfsson	10.68	-
Langstökk	1.	Magnús Jakobsson	5.89	-
	2.	Einar Sigurðsson	5.88	-
	3.	Sigurður Geirdal	5.62	-
	4.	Hilmar Björnsson	5.53	-
	5.	Gunnar Snorrason	5.31	-
Kringlukast	1.	Lárus Lárusson	32.43	-
	2.	Árman J. Lárusson	31.85	-
	3.	Ingólfur Ingólfsson	29.22	-
400 m. hlaup	1.	Sigurður Geirdal	57.7	sek.
	2.	Þórður Guðmundsson	58.5	-
	3.	Gunnar Snorrason	61.7	-

Hástökk	1. Ingólfur Ingólfsson	1.60	m.
	2. Gunnar Snorrason	1.55	-
	3. Magnús Jakobsson	1.55	-
Spjótkest	1. Hilmar Björnsson	40.72	-
	2. Sigurður Geirdal	36.95	-
	3. Ármann J. Lárusson	35.45	-
	4. Berti Möller	34.00	-
	gestur: Arndís Björnsdóttir	32.35	-
Þrístökk	1. Einar Sigurðsson	12.25	-
	2. Sigurður Geirdal	11.88	-
	3. Hilmar Björnsson	10.71	-
1500 m hlaup	1. Þórður Guðmundsson	4:43,5	mín.
	2. Gunnar Snorrason	5.03,2	-
Stangarstökk	1. Magnús Jakobsson	3.30	m.
4 x 100 m. boðhl.	1. Sveit UBK Einar Sigurðsson, Magnús Jakobsson, Þórður Guðmundsson og Sigurður Geirdal	52.7	sek.

Síðari hluti.

Kvennagreinarnar.

100 metra hlaup	1. Petrína Ágústsdóttir	15.1	sek.	Umf.	Br.
	2. Þórdís Helgadóttir	16.0	-	-	-
	3. Guðbjörg Þorgeirsd.	16.0	-	-	Dr.
	4. Ólöf Þorgeirsdóttir	16.3	-	-	-
	5. Guðbjörg Þorvaldsd.	17.3	-	-	-
	6. Sigríður Karlsdóttir	17.6	-	-	Bess.
	7. Sigrún Jóhannsdóttir	17.7	-	-	-
Langstökk	1. Petrína Ágústsdóttir	4.22	m.	-	Br.
	2. Dröfn Guðmundsd.	4.17	-	-	-
	3. Alda Helgadóttir	4.14	-	-	Stj.
	4. Álfhildur Hjörleifsd.	3.97	-	-	-
	5. Kristín Davíðsdóttir	3.64	-	-	Dr.
	6. Þórdís Helgadóttir	3.60	-	-	Br.
	7. Sólveig Sveinbjörnsd.	3.48	-	-	Dr.
	8. Guðbjörg Þorvarðard.	3.38	-	-	-

Langstökk frh.

9.	Guðbjörg Þorgeirsd.	3.32	m.	Umf.	Dr.
10.	Margrét Þorvaldsd.	3.28	-	-	-
11.	Helga Guðmundsdóttir	3.27	-	-	Bess.
12.	Ólöf Þorgeirsdóttir	3.20	-	-	Dr.

Hástökk

1.	Dröfn Guðmundsdóttir	1.25	-	-	Br.
2.	Petrina Ágústsdóttir	1.25	-	-	-
3.	Guðbjörg Þorgeirsd.	1.15	-	-	Dr.
4.	Guðbjörg Þorvaldsd.	1.10	-	-	-
5.	Kristín Davíðsd.	1.10	-	-	-
6.	Þórdís Helgadóttir	1.05	-	-	Br.
7-8.	Helga Guðmundsdóttir	1.00	-	-	Bess.
7-8.	Ágústa Oddsdóttir	1.00	-	-	Dr.

Kúluvarp

1.	Ragna Lindberg	8.95	-	-	-
2.	Puríður Hjaltadóttir	8.16	-	-	Aft.
3.	Dröfn Guðmundsdóttir	8.00	-	-	Br.
4.	Kristín Davíðsdóttir	7.60	-	-	Dr.
5.	Birna Ágústsdóttir	7.45	-	-	Br.
6.	Guðbjörg Þorgeirsd.	7.16	-	-	Dr.
7.	Guðbjörg Davíðsd.	6.64	-	-	-
8.	Sigríður Karlsdóttir	6.40	-	-	Bess.
9.	Helga Guðmundsdóttir	6.21	-	-	-
10.	Petrina Ágústsdóttir	6.01	-	-	Br.
11.	Ágústa Oddsdóttir	6.00	-	-	Dr.

Spjótkest

1.	Birna Ágústsdóttir	26.11	-	-	Br.
2.	Alda Helgadóttir	22.20	-	-	Stj.
3.	Dröfn Guðmundsdóttir	21.11	-	-	Br.
4.	Ragna Lindberg	19.23	-	-	Dr.
5.	Petrina Ágústsdóttir	18.02	-	-	Br.
6.	Álfhildur Hjörleifsd.	16.31	-	-	Stj.
7.	Guðbjörg Þorgeirsd.	15.12	-	-	Dr.
8.	Ágústa Oddsdóttir	13.45	-	-	-
9.	Kristín Davíðsdóttir	10.71	-	-	-

Kringlukast

1.	Dröfn Guðmundsdóttir	27.89	-	-	Br.
2.	Ragna Lindberg	26.04	-	-	Dr.
3.	Guðbjörg Þorgeirsd.	21.85	-	-	-
4.	Petrina Ágústsdóttir	19.8a	-	-	Br.
5.	Kristín Davíðsdóttir	17.59	-	-	Dr.
6.	Alda Helgadóttir	16.99	-	-	Stj.
7.	Birna Ágústsdóttir	16.60	-	-	Br.
8.	Puríður Hjaltadóttir	13.81	-	-	Aft.
9.	Álfhildur Hjörleifsd.	13.69	-	-	Stj.

4 x 100 m.  
boðhlaup  
1. sveit.

Dröfn Guðmundsdóttir, Þórdís Helgadóttir, Birna Ágústsdóttir, Petrina Ágústsdóttir	65.5	sek.	UBK.
---	------	------	------

4 x 100 m. boðhlaup 2. sveit.	Alda Helgadóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir Steinunn Skúladóttir Alfhildur Hjörleifsdóttir	71.3 sek.	Umf. Stj.
-------------------------------------	---	-----------	-----------

Sveinameistaramót UMSK.

Úrslit urðu þau:

100 m. hlaup	1. Eiríkur Brynjólfsson	13.8 sek.	Umf. Stj.
	2. Heimir Guðjónsson	14.2 -	-
	3. Jörundur Þórðarson	14.2 -	Br.
	gestur Magnús Steinþórsson.	13.4 -	Br
Langstökk	1. Egill Þórðarson	4.96 m.	- Br.
	2. Eiríkur Brynjólfsson	4.95 -	- Stj.
	3. Jörundur Þórðarson	4.48 -	- Br.
	4. Heimir Guðjónsson	4.35 -	- Stj.
	Magnús Steinþórsson, gestur.	5.15 -	- Br.
Hástökk	1. Egill Þórðarson	1.45 -	- -
	2. Heimir Guðjónsson	1.20 -	- Stj.
	3. Jörundur Þórðarson	1.20 -	- Br.
	Magnús Steinþórsson, gestur	1.55 -	- -
Þrístökk	1. Eiríkur Brynjólfsson	10.44 -	- Stj.
	2. Egill Þórðarson	10.35 -	- Br.
	3. Jörundur Þórðarson	9.72 -	- Br.
	4. Heimir Guðjónsson	9.35 -	- Stj.
	5. Sverrir Friðriksson	8.64 -	- -
Kringlukast	1. Egill Þórðarson	27.30 -	- Br.
	2. Heimir Guðjónsson	19.82 -	- Stj.
Kúluvarp	1. Sverrir Friðriksson	11.91 -	- -
	2. Heimir Guðjónsson	9.49 -	- -
	3. Jörundur Þórðarson	9.11 -	- Br.
	4. Eiríkur Brynjólfsson	8.49 -	- Stj.
Spjótkast	1. Sverrir Friðriksson	33.70 -	- -
	2. Jörundur Þórðarson	25.34 -	- Br.
	3. Egill Þórðarson	24.97 -	- -
	4. Eiríkur Brynjólfsson	22.33 -	- Stj.
	5. Heimir Guðjónsson	19.73 -	- -
800 m hlaup	1. Eiríkur Brynjólfsson	2.40.5 mín.	- -
	2. Egill Þórðarson	2.44.1 -	- Br.
	3. Jörundur Þórðarson	2.51.1 -	- -
	gestur Magnús Steinþórsson.	2.32.6 -	- -

4 x 100 m. boð boðhlaup	Heimir Guðjónsson Jörundur Þórðarson Egill Þórðarson Eiríkur Brynjólfsson	59.5	sek.	UMSK
----------------------------	--	------	------	------

4. bandalagskeppnin

haldin á Akureyri þann 11. sept. 1966.

100 metra hlaup	1. Þóroddur Jóhannsson 2. Kári Arnason 3. Sigurður Geirdal 4. Jóhann Friðgeirsson 5. Einar Sigurðsson 6. Halldór Jónsson	11.3 11.6 11.7 12.1 12.2 12.4	sek. - - - - -	UMSE IBA UMSK UMSE UMSK IBA
Kúluvarp	1. Lárus Lárusson 2. Ingi Arnason 3. Ármann J. Lárusson 4. Þóroddur Jóhannsson 5. Einar Helgason 6. Jóhann Jónsson	14.06 13.88 13.38 13.26 12.79 10.70	m. - - - - -	UMSK IBA. UMSK UMSE IBA UMSE
Hástökk	1. Donald Jóhannesson 2. Jóhann Jónsson 3. Halldór Matthíasson 4. Magnús Jakobsson 5. Ingi Arnason 6. Sig. V. Sigmundsson	1.75 1.65 1.60 1.50 1.50 0	- - - - - -	UMSK UMSE IBA UMSK IBA UMSE
1500 m. hlaup	1. Þórður Guðmundsson 2. Ásgeir Guðmundsson 3. Gunnar Snorrason 4. Þórir Snorrason 5. Bergur Höskuldsson 6. Halldór Matthíasson	4.29.4 4.30.4 4.31.6 4.34.8 4.39.7 5.00.1	mín. - - - - -	UMSK IBA UMSK UMSE UMSE IBA
Spjótkast	1. Ingi Arnason 2. Björn Sveinsson 3. Hilmar Björnsson 4. Jóhann Jónsson 5. Donald Jóhannesson 6. Sig. V. Sigmundss.	53.10 48.88 46.30 40.48 40.25 29.45	m. - - - - -	IBA IBA UMSK UMSE UMSK UMSE
Langstökk	1. Sig. V. Sigmundss. 2. Donald Jóhannesson 3. Þóroddur Jóhannsson	6.29 6.24 6.02	- - -	UMSE UMSK UMSE

Langstökk frh.

4. Kári Arnason	5.82	m.	IBA
5. Magnús Jakobsson	5.78	-	UMSK
6. Halldór Jónsson	4.92	-	IBA

400 m. hlaup

1. Þórður Guðmundsson	53.4	sek.	UMSK
2. Jóhann Friðgeirsson	54.0	-	UMSE
3. Sigurður Geirdal	55.0	-	UMSK
4. Ásgeir Guðmundsson	55.5	-	IBA
5. Jóhann Jónsson	56.9	-	UMSE
6. Halldór Jónsson	79.1	-	IBA

Kringlukast

1. Ingi Arnason	38.19	m.	IBA
2. Ármann J. Lárusson	38.06	-	UMSK
3. Þóroddur Jóhannsson	35.34	-	UMSE
4. Lárus Lárusson	32.66	-	UMSK
5. Sig. V. Sigmundsson	32.00	-	UMSE
6. Björn Sveinsson	31.62	-	IBA

Þrístökk

1. Sig. V. Sigmundsson	12.84	-	UMSE
2. Donald Jóhannesson	12.26	-	UMSK
3. Þóroddur Jóhannsson	12.08	-	UMSE
4. Einar Sigurðsson	11.93	-	UMSK
5. Halldór Matthíasson	11.32	-	IBA
6. Ingi Arnason	10.72	-	IBA

4 x 100 m.  
boðhlaup  
1. sveit

Jóhann Friðgeirsson			
Jóhann Jónsson			
Sig. V. Sigmundsson			
Þóroddur Jóhannsson	46.6	sek.	UMSE

2. sveit

Gunnar Snorrason			
Þórður Guðmundsson			
Einar Sigurðsson			
Sigurður Geirdal	47.4	-	UMSK

3. sveit

Halldór Jónsson			
Björn Sveinsson			
Ingi Arnason			
Kári Arnason	48.0	-	IBA

úrslit:

1. UMSK	83	stig
2. UMSE	70	-
3. IBA	59	-



R E K S T U R S R E I K N I N G U R

		kr. au.
<u>G J Ö L D:</u>		
I.	Skattar og iðgjöld:	
1.	Greitt í slysatryggisj. ísÍ	kr. 5.430,00
2.	Skattur til UMFÍ .....	- 2.355,00
3.	- - ísÍ .....	- 2.715,00
		10.500,00
II.	Stjórnarkostnaður:	
1.	Kostnaður v/ stjórnarfunda ..	kr. 2.153,00
2.	Fjölritunarkostnaður .....	- 3.617,30
3.	Símakostnaður .....	- 2.155,00
4.	Ritföng og umslög .....	- 1.656,50
5.	Ferðakostnaður formanns á sambandsráðsfund UMFÍ á Sauðárkróki .....	- 1.270,00
		10.851,80
III.	Íþróttakostnaður:	
1.	Verðlaun .....	kr. 8.105,70
2.	Auglýsingar .....	- 1.420,00
3.	Ferðakostn. v. bandal.keppni á Akureyri ...	kr. 13.280,00
	+ framlag keppenda .....	- 6.000,00
		7.280,00
4.	Kostnaður v/ bridgemóts .....	- 430,00
5.	Ýmis kostnaður .....	- 607,50
		17.843,20
IV.	Annar kostnaður:	
1.	Myndamót fyrir bréfhausa ....	kr. 190,00
2.	Styrkur til UBK v/Noregsfararar	- 3.000,00
3.	Bílstyrkur til formanns Úlfars Ármannssonar f.árið 1965	- 2.000,00
		5.190,00
	Mismunur:	44.385,00
		10.962,20
		55.347,20
	Kr.	55.347,20

UNGMENNASAMBANDS KJALARNESÞINGS 1966.

		kr. au.
<u>TEKJUR:</u>		
I.	Skattar og iðgjöld:	
1.	Skattur frá UMF Dreng .....	kr. 1.320,00
2.	- - - Kjalnesinga -	450,00
3.	- - - Aftureldingu -	2.085,00
4.	- - - Breiðablik -	2.130,00
5.	- - - Bessastaðahr. -	630,00
6.	- - - Stjarnan ... -	660,00
7.	Iðgjald frá fél. í slysatr.- sj. í.s.í. ....	- 4.850,00
		12.125,00
II.	Styrkir:	
1.	Frá sýslusj. Kjósarsýslu ...	kr. 16.000,00
2.	- - Gullbringusýslu -	7.500,00
3.	- bæjarsj. Kópavogs .....	6.000,00
4.	- Búnaðarsamb.Kjalarnesb. -	1.000,00
5.	Útbreiðslustyrkur ísÍ .....	- 10.430,00
		40.930,00
III.	Vextir:	
1.	Af innistæðu í ávísanareikn. 3511 .....	- 400,80
2.	- - - sparisjóðsbók 6561 .....	- 86,94
		487,74
IV.	Aðrar tekjur:	
1.	Seld 300 stk. spjaldskrár- eyðubl. á 0/65 .....	kr. 195,00
2.	Seldir 2 stk. íþróttabúningar á 630/- .....	- 1.260,00
3.	Íþróttastyrkur (kennslust.) frá UMFÍ og ísÍ .....	- 349,46
		1.804,46
		55.347,20
		kr. 55.347,20

EFNAHAGSREIKNINGUR UNGMENNASAMBANDS KJALARNESÞINGS 1966.

		kr. au.	
<u>E I G N I R:</u>			
1.	Ýmis ípróttaáhöld ..... ÷ 10% afskrift .....	kr. 3.490,00 - 349,00	3.141,00
2.	Borðfánar ..... ÷ 10% afskrift .....	kr. 1.322,80 - 132,25	1.190,55
3.	Félagsfáni ..... ÷ 10% afskrift .....	kr. 2.161,50 - 216,15	1.945,35
4.	Afmælisrit ..... ÷ 10% afskrift .....	kr. 24.806,25 - 2.480,60	22.325,65
5.	Spjaldskráreyðublöð ..... ÷ seld 300 stk. á 0,65 .....	kr. 537,10 - 195,00	342,10
6.	Ípróttabúningar 14 stk. + 1 blússa .. + seld 2 stk. á kr. 630,- .....	kr. 12.130,00 - 1.260,00	10.870,00
7.	Bankainnistæður: 1. Sparisjóðsbók nr. 6561, sögusjóður 2. - nr. .... 3. Ávísanareikningur nr. 3511 .....	kr. 1.536,42 - 5.000,00 - 17.387,85	23.924,27
8.	Útistandandi skuldir: 1. Styrkur frá Búnaðarsamb.Kjalarn.p. 2. Verzlunin Esja (Kristján Gíslason)	kr. 1.000,00 - 600,00	1.600,00
9.	Peningar í sjóði .....		6.251,12
		<u>Eignir alls kr.</u>	<u>71.590,04</u>

Mosfellssveit 9. nóvember 1966

Sigurður Skarphéðinsson

Hef endurskoðað framanskráða reikninga U.M.S.K. og ekkert fundið við þá að athuga.

Tröllagili, 12. nóvember 1966

Lárus Halldórsson

Hefi endurskoðað framanskráða reikninga, og tel þá rétta.

Valdastöðum 13. nóvember 1966.

Ólafur Ag. Ólafsson